



24. maí 2018

Ársskýrsla 2017–2018

Samtök kvenna í vísindum



Samtök kvenna í vísindum

Reykjavík 2018

Ársskýrsla Samtaka kvenna í vísindum (SKVÍS) fyrir starfsárið júní 2017 til júní 2018

„Félag kvenna í vísindum er fyrir konur sem starfa á öllum sviðum vísinda. Félagið vill stuðla að valdeflingu og samtakamætti vísindakvenna á uppbyggilegan hátt, með kraft og gleði að vopni. Markmið félagsins er að efla tengslanet kvenna í vísindum og að auka sýnileika vísindakvenna. Félagið mun veita fræðslu og stuðning fyrir félagskonur. Það mun einnig sinna eftirlits- og upplýsingahlutverki um stöðu kvenna í vísindum.“

Stefnuyfirlýsing SKVÍS frá stefnumótunardegi, 30. apríl 2016.

Rafræn útgáfa: www.skvis.is

Kæru félagskonur,

Félagið okkar varð tveggja ára þann 11. febrúar síðastliðinn og hefur starfsemin verið líflæg þessi tvö ár. Á stefnumótunardegi félagsins var stefnuyfirlýsing samþykkt og fram kom meðal annars að konur vildu að félagið væri vettvangur tengslamyndunar þar sem hún væri grunnur fyrir sjálfstyrkingu, betri vísindi og sýnileika vísindakvenna út á við og inn á við. Þar að auki er bara svo gaman að hitta aðrar vísindakonur og ræða um sameiginleg hugðarefni.

Gildi tengslanna og hvernig konur styrkja hver aðra kom berlega í ljós í #metoo-byltingunni þar sem vísindakonur létu sitt ekki eftir liggja heldur söfnuðu saman á annað hundrað sögum um kynferðislegt og kynbundið áreitni og ofbeldi innan vísindanna. Okkar framlag til MeToo-byltingarinnar er ekki síst mikilvægt vegna þess að við sem hlotið höfum þjálfun í hinni vísindalegu aðferð njótum ákveðins trausts í samfélaginu og það að við þorum að standa upp og segja frá því að kynferðisleg áreitni eigi sér einnig stað innan vísindaheimsins ljær MeToo-byltingunni aukinn trúverðugleika.

Félagið okkar hefur vakið nokkra athygli og við höfum fengið umfjöllun í fjölmiðlum um hvort tveggja viðburði á vegum félagsins og um málefnið; að kynbundin mismunun á sér stað innan vísindanna eins og annars staðar og það er slæmt fyrir alla, vísindakonur og -karla en einnig fyrir vísindin sjálf. Mikilvægt er að tryggja breiða aðkomu að vísindarannsóknum svo umfjöllunarefni þeirra endurspegli samfélagið sem best. Um 1980 þótti til dæmis eðlilegt að nota eingöngu karla í læknisfræðilegum rannsóknum en það hefur sem betur fer breyst með sterkari aðkomu kvenna að rannsóknum.

Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að starfa með ykkur þessi tvö ár og margt sem stendur upp úr. Skemmtilegast hefur mér þótt að kynnast nýjum sjónarmiðum og hugmyndum en morgunverðarfundirnir hafa verið góður vettvangur fyrir það. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að starfa fyrir félagið frá stofnun þess og er gífurlega stolt af þessum mögnuðu vísindamanneskjum sem félagskonur SKVÍS eru. Ég óska nýjum formanni og stjórn gæfu í starfinu og verð að sjálfsgöðu til taks ef kraftar mínir geta nýst í eitthvað.

Sjáumst hressar á næsta viðburði.

Auður Magnúsdóttir, fráfaraandi formaður SKVÍS.

Á öðrum aðalfundi SKVÍS, Samtaka kvenna í vísindum, sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík 30. maí 2017, voru kosnar í stjórn þeirra konur sem starfa innan ýmissa vísindagreina enda er markmið SKVÍS að stjórn og félagatal endurspegli á hverjum tíma, eins og unnt er, breiddina í samfélagi vísindakvenna hér á landi. Auður Magnúsdóttir gaf áfram kost á sér sem stjórnarformaður og Anna Heiða Ólafsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir, Bryndís G. Róbertsdóttir og Unnur Birna Karlsdóttir gáfu einnig áfram kost á sér í stjórn sem meðstjórnendur. Nýjar komu inn þær Freydís Vigfúsdóttir, Sigrún María Kristinsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Vigdís Stefánsdóttir og Svala Jónsdóttir.

Stjórnin hélt hátt í tíu fundi á starfsárinu þar sem skipulagðir voru viðburðir og fleira tilheyrandi starfsemi samtakanna. Auk þess var erindum og fyrirspurnum sem bárust á milli stjórnarfundu svarað og samskiptum milli stjórnarkvenna var einnig haldið lifandi með hjálp tækninnar, það er á vefnum. Nokkrum beiðnum um viðtöl í fjölmiðlum var auk þess sinnt á tímabilinu.

Fyrir tilstilli stjórnarkvenna og í þeirra umsjón voru haldnir ýmsir viðburðir, svo sem morgunverðarfundir, námskeið og kvöldviðburðir en líklega hefur mestan svip sett á starf SKVÍS á starfsárinu þátttaka margra félagskvenna í Metoo-byltingunni. Þar gátu vísindakonur deilt, í lokuðum hópi, reynslu sinni af kynferðislegri áreitni og ofbeldi og kynbundinni mismunum af ýmsu tagi. Valdar sögur úr þeim hópi voru birtar á vefnum 30. nóvember 2017 (sjá: <https://www.docdroid.net/4BWO18e/i-skugga-valdsins-visindin.pdf>). Framtakið vakti athygli fjölmiðla (sjá t.d. „Í skugga valdsins. Vísindakonur deila 106 sögum af áreitni og ofbeldi“, <http://www.visir.is/g/20171139825>). Í framhaldinu sendu rektorar Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar frá sér yfirlýsingar fyrir hönd skólanna um að brugðist yrði við til úrbóta og aðgerðaáætlun sett í gang til stefnumörkunar um forvarnir og viðbrögð í kjölfar þeirrar holskeflu misréttis sem sögur vísindakvenna, líkt og kynsystra þeirra í svo mörgum öðrum hópum, drógu fram í dagsljósið. Félagskonur SKVÍS voru meðal þeirra fjölmörgu kvenna sem komu saman á alþjóðadegi mannréttinda, 10. desember 2017, þegar frásagnir íslenskra kvenna, sem settar voru fram í baráttubylgjunni undir myllumerkinu #metoo, voru lesnar upp á opinni dagskrá á nokkrum stöðum á landinu.

Stjórnin hélt vefsíðu SKVÍS (<http://skvis.is/>) virkri á starfsárinu, og einnig Facebook-síðu samtakanna (<https://www.facebook.com/konurivisindum/>) þar sem viðburðir og fleira tilheyrandi starfinu var kynnt og auglýst og fyrirspurnum svarað.

Sjá nánar um dagskrá viðburða á vegum SKVÍS: <http://skvis.is/frettir/>



NÁMSKEIÐ UM HRÚTSKÝRINGAR OG MENNDURTEKNINGAR

Námskeið um hrútskýringar og menndurtekningar var haldið fyrir félagskonur SVÍS 24. febrúar 2018 kl. 15–18 að Hótel Nordica. Námskeiðið var skemmtileg blanda fyrirlestra og umræðna en þær Auður Magnúsdóttir og Anna Heiða Ólafsdóttir, formaður og varaformaður stjórnar SKVÍS, hófu dagskrána með því að útskýra hvað felst í hrútskýringum og menndurtekningum. Síðan var þátttakendum skipt í minni hópa til að deila sögum og finna rétt viðbrögð við raunverulegum dæmum um það þegar konur hafa lent í hrútskýringum eða menndurtekningum. Þátttakendur komu með dæmi úr sínum reynslubanka til að nýta í hópavinnunni. Á dagskrá námskeiðsins var meðal annars erindi Jóhönnu Ellu Jónsdóttur, mannauðsstjóra hjá Háskóla Íslands, „Hvernig notum við jákvæð samskipti til að bregðast við hrútskýringum?“, og „Hefurðu engan húmor kona?“, erindi Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur kynjafræðings og kennara við Borgarholtsskóla. Umsjón með hópastarfi hafði Helga Bragadóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Auður Magnúsdóttir og Anna Ólafsdóttir stjórnarkonur SKVÍS héldu utan um dagskrána.

Menndurtekning: Nafnorð notað yfir það þegar kona leggur eitthvað til málanna, hugmynd eða tillögu, án þess að á hana sé hlustað eða nokkuð gert með orð hennar, en þegar karlmaður endurtekur og leggur nákvæmlega það sama til málanna er hlustað á hann og tekið mark á orðum hans og honum jafnvel eignaður heiðurinn af þeim.



Ætla að bregðast við hrútskýringum

Samtök kvenna í vísindum, SKVÍS, standa fyrir ráðstefnu þar sem fara á yfir hrútskýringar og menndurtekningar og skilgreiningar á því. Rædd verða raunverulega dæmi sem félagskonur hafa lent í og rædd verða möguleg...

RUVÍS

Helga Bragadóttir prófessor á heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands.

MORGUNVERÐARFUNDIR

Þann 28. september 2017 var haldinn morgunverðarfundur í húsakynnum Eflu verkfræðistofu að Höfðabakka 9. Þar fjallaði dr. Sigrún María Kristinsdóttir umhverfis- og auðlindafræðingur um rannsóknir sínar á sjálfbærni og félagslegu jafnrétti innan þeirra marka sem jörðin setur okkur. Rannsóknir hennar velta upp áleitnum spurningum um samskipti manns og náttúru, meðal annars um jafnrétti kynjanna, þátttökulýðræði og samfélagslega ábyrgð. Erindið nefndi Sigrún „Snertu steininn“ og vísar heitið til þátttökuhvetjandi aðferðar sem notuð var á vinnufundum (heimskaffihúsum) á Indlandi.

Þann 7. desember 2017 kl. 8.30 var haldinn morgunverðarfundur í húsnæði Landbúnaðarháskólans að Keldnaholti. Hekla Arnardóttir fjallaði um fjárfestingarsjóðinn Crowberry Capital sem hún og fleiri konur stofnuðu sumarið áður og hvaða leiðir eru færar í stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi til að fylgja slíkum hugmyndum úr hlaði.

Þann 1. febrúar 2018 var haldinn morgunverðarfundur í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar undir yfirskriftinni „Lífið er eins og konfektkassi ... eða saga líffræðings á tímum tæknibreytinga“. Þar sagði Sigríður Valgeirsdóttir verkefnastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu frá starfi sínu innan líftæknigeirans á síðustu 20 árum eða svo, með hliðsjón af þeim miklu breytingum í tækni- og aðferðafræði sem hafa átt sér stað á þessu sviði á tímabilinu.

Morgunverðarfundir fóru fram kl. 8.30–10 og boðið var upp á léttar veitingar, kaffi og með því. Að skipulagi og allri umsjón stóðu ýmsar stjórnarkonur Samtaka kvenna í vísindum. Allir fundirnir tókust vel, voru fræðandi og skemmtilegir og þakkar SKVÍS þeim konum sem veittu þeim liðsinni með fræðandi framlögum kærlega fyrir, sem og öllum þeim fjölmörgu konum sem mættu.

SPJALLFUNDIR – HITTINGAR

Einn kvöldhittingur var haldinn var á starfsárinu, fimmtudagskvöldið 2. nóvember 2017 kl. 17–19 á Geira smart við Hverfisgötu. Tilgangur hans var að kalla saman konur til að eiga góða stund saman og efla og stækka tengslanetið.



HAUSTFAGNAÐUR

Boðað var til haustfagnaðar í Norræna húsinu þann 15. september kl. 19.30–22.30. Samtökin buðu öllum vísindakönnum að mæta, blanda geði og hlýða á nokkur vel valin erindi. Gyða Margrét Pétursdóttir dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands hélt erindið „Fleiri konur en hvað svo? Ára kynjajafnréttis og óáran í vísindasamfélaginu“. Á eftir voru myndaðir umræðuhópar þar sem meðal annars var rætt um hrútskýringar, sýnileika kvenna og bætt tengslanet.



F.v. Bjargey Anna Guðbrandsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir og konur á haustfagnaði SKVÍS.

Hrútskýring: Þegar karlmaður talar af yfirlæti til konu, útskýrir eitthvað stærilætislega fyrir henni og telur sig þess umkominn að leiðrétta hana á lítillækkandi hátt og lætur sem og gerir ráð fyrir að hann hafi meira vit á hlutunum en hún, jafnvel þó hann hafi ekkert merkilegt fram að færa eða sé ekki einu sinni sérfræðingur um málið. Breytir engu þótt það sé konan en ekki hann sem þekkir til og hefur vit á málinu.

Hrútskýring var valið orð ársins 2016 í netkosningu sem RÚV, Stofnun Árna Magnússonar og Mímir, félag stúdentna í íslensku og almennum málvísindum við Háskóla Íslands, stóðu fyrir:

Orðið er myndað úr orðunum **hrútur** og **útskýring** og er íslensk útfærsla á enska orðinu „**mansplaining**“, sem er samsett úr orðunum **man** og **explaining**. Það varð til í kjölfar vefskrifa Rebecca Solnit árið 2008 undir yfirskriftinni „Men Explain Things to Me“ og bókar hennar með sama titli sem út kom árið 2014. *New York Times* tilnefndi orðið „mansplainer“ orð ársins árið 2010:

mansplainer: A man compelled to explain or give an opinion about everything – especially to a woman. He speaks, often condescendingly, even if he doesn't know what he's talking about or even if it's none of his business. Old term: a boor.

Aðalfundur Samtaka kvenna í vísindum var haldinn 30. maí í Háskólanum í Reykjavík. Auður Magnúsdóttir var kjörin fundarstjóri og Bjargey Anna Guðbrandsdóttir fundarritari. Auður Magnúsdóttir formaður samtakanna setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og kynnti Þorsteinn Víglundsson þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra sem ávarpaði fundargesti. Fjallaði hann meðal annars um stöðu jafnréttismála á Íslandi í alþjóðlegu samhengi og lagði auk þess áherslu á mikilvægi þess að setja fram kerfisbundnar aðgerðir í þágu jafnréttis, á borð við launajafnrétti kynjanna, til að árangur náist, enda náist ekki jafnrétti sjálfkrafa eins og reynslan og ótal rannsóknir sýna.



Þorsteinn Víglundsson félags- og jafnréttismálaráðherra ávarpar aðalfund SKVÍS 30. maí 2017.

Að loknu ávarpi félags- og jafnréttismálaráðherra héldu nokkrar vísindakonur stutt erindi. Í erindi sínu, „Gedheilsa kvenna á meðgöngu og eftir barnsburð“, fjallaði Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri hjá VIRK, um rannsóknir og þjónustu við gedheilsu



Linda Bára Lýðsdóttir sálfræðingur

kvenna bæði á meðgöngu og eftir barnsburð og mikilvægi breiðrar nálgunar í rannsóknum og greiningu á vanlíðan kvenna á meðgöngu og eftir fæðingu. Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúntkt við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, flutti erindið „Að taka mark á tilviljunum“ þar sem hún greindi frá reynslu sinni og þætti tilviljana í lífi hennar sem stúdents, fræðimanns og vísindakonu á sviði alþjóðastjórn mála. Í erindi sínu „Mannfræðingurinn sem fór af leið: Saga af mannfræðingi sem varð þróunarstjóri Hafrannsóknastofnunar.“ fjallaði Sóley Morteins, þróunarstjóri Hafrannsóknastofnunar, um eigin reynslu og störf í rannsóknum. Að lokum flutti Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, erindið „Tilraunir á kynjafordómum.“ Þar sagði hún frá rannsóknum með áherslu á „unconscious bias“, það er um ómeðvitaða fordóma/

ómeðvitaða skekkju/hugsanaskekkju. Að erindum loknum voru hefðbundin aðalfundarstörf.

Anna Heiða Ólafsdóttir varaformaður kynnti ársskýrslu samtakanna og sagði frá starfsemi fyrsta starfsárs þeirra. Auður Magnúsdóttir formaður kynnti ársreikninga samtakanna í fjarveru gjaldkera. Skoðunarmenn reikninga, þær Hulda Sigríður Hreggviðsdóttir og Arna G. Antonsdóttir, höfðu samþykkt ársreikninga og undirritað yfirlýsingu þar að lútandi. Ársreikningur var síðan borinn upp til samþykktar og samþykktur með handauppréttingu. Því næst fór fram kosning stjórnar, sem kosin var samhljóða, og skoðunarmanna reikninga, sem einnig voru kjörnir samhljóða, og voru það þær Arna G. Antonsdóttir, Hulda Sigríður Hreggviðsdóttir og Þórey Rúnarsdóttir.

HEIMASÍÐA OG SAMFÉLAGSVEFUR


Heimasíða fyrir samtökin var gerð af stjórn og fór í loftið 16. febrúar 2017. Í almennu tali er nafn samtakanna stytt í SKVÍS og var sú stytting notuð sem lén fyrir síðuna (skvis.is). Á síðunni er að finna upplýsingar um lög og markmið samtakanna, félagsstarf þeirra, vinnuhópa, viðburði og fréttir. Þar er einnig hægt að skrá sig í samtökin.

Samtökin eru þar að auki með Facebook-síðu (<https://www.facebook.com/konurivisindum/>) þar sem viðburðum og fréttum samtakanna er miðlað ásamt ýmsum fróðleik um allt mögulegt sem við kemur lífi og starfi vísindakvenna um heim allan. Fylgjendur Facebook-síðunnar eru tæplega fimmtán hundruð.



STJÓRN

Stjórn SKVÍS starfsárið júní 2017 til júní 2018 skipuðu þær Auður Önnu Magnúsdóttir stjórnarformaður, lífefnafræðingur og deildarforseti umhverfis- og auðlindaeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, Anna Heiða Ólafsdóttir varaformaður, líffræðingur og fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun. Meðstjórnendur: Ásrún Matthíasdóttir, lektor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Hún er með BS-próf í tölvunarfræði, meistarapróf í fjarkennslufræðum og doktorspróf í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hún er einnig með diplómapróf í náms- og starfsráðgjöf og kennsluréttindi. Bryndís G. Róbertsdóttir, landfræðingur og jarðfræðingur, verkefnastjóri með hagnýt jarðefni hjá Orkumálastofnun. Unnur B. Karlsdóttir, sagnfræðingur og sérfræðingur hjá Stofnun rannsóknasetra Háskóla Ísland, á Austurlandi. Freydís Vigfúsdóttir, dýravistfræðingur og sérfræðingur hjá Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Sigrún María Kristinsdóttir, umhverfis- og auðlindafræðingur, sérfræðingur hjá Eflu verkfræðistofu. Sigrún Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur með meistaragráðu í mannauðsstjórnun, deildarstjóri Lyfjafræðideildar Háskóla Íslands. Vigdís Stefánsdóttir, erfðaráðgjafi hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Svala Jónsdóttir, líffræðingur hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs og framhaldsskólakennari.



Stjórn SKVÍS 2017–2018. F.v. Auður Önnu Magnúsdóttir, Anna Heiða Ólafsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Freydís Vigfúsdóttir, Vigdís Stefánsdóttir, Bryndís G. Róbertsdóttir, Unnur B. Karlsdóttir, Sigrún María Kristinsdóttir og Svala Jónsdóttir.

TENGLAR

UM SKVÍS

Lög og samþykktir: <http://skvis.is/um-samtokin/log-og-samthyktir-samtakanna/>

Stefnuyfirlýsing: <http://skvis.is/um-samtokin/stefnuyfirlýsing/>

Stjórn: <http://skvis.is/um-samtokin/stjornin/>

Ársskýrslur: <http://skvis.is/um-samtokin/arsskyrslur/>

Fréttir og viðburðir: <http://skvis.is/frettir/>

Skráning í samtökin: <http://skvis.is/>


SKVÍS Í FJÖLMIÐLUM

<http://kvennabladid.is/2018/02/14/samtok-kvenna-i-visindum-heldur-namskeid-um-hrutskyringar-og-menndurtekningar/>

<https://www.frettabladid.is/lifid/mikilvaegt-a-efla-framgang-kvenna-i-visindum>

<http://www.ruv.is/frett/aetla-ad-bregdast-vid-hrutskyringum>

<http://www.ruv.is/frett/visindakonur-deila-sogum-af-areitni-og-ofbeldi>



Katrín Ólafsdóttir, niðurstaða rannsóknar um kynjafordóma; erindi á aðalfundi SKVÍS 2017.



HTTP://SKVIS.IS/

Samtök kvenna í
vísindum

UM SAMTÖKIN +

FRÉTTIR OG VIÐBURÐIR

FÉLAGSSTARF +

SKRÁNING

ENGLISH



Um samtökin

Samtök kvenna í vísindum eru hugsuð sem vettvangur fyrir konur í vísindum til að hittast, mynda og efla tengsl sín á milli. Þá er sérstaklega horft til þess að samtökin geti stuðlað að því að konur í vísindum myndi sterkt og varanlegt stuðnings- og tengslanet en skortur á því er talinn vera ein af orsökum kynjahalla í vísindum. Allar konur sem stunda rannsóknir á öllum fræðasviðum eða koma að vísindastörfum í einhverri mynd eru velkomnar, hvort sem þær vinna innan veggja háskólanna, í rannsóknastofnunum, akademíum eða úti í fyrirtækjum.